



## Starfsskýrsla Skógræktarfélags Mosfellsbæjar 2021

2. mars 2022

Skógræktarfélag Mosfellssveitar og síðar Mosfellsbæjar var stofnað 20. maí 1955. Stofnfélagar voru 88 og þrjú félagasamtök gerðust meðlimir: Ungmennafélagið Afturelding, Kvenfélag Lágafellssóknar og Skógræktarfélag kvenskáta við Hafravatn. Frá stofnun félagsins hafa verið gróðursett um 1,4 milljónir plantna. Fyrsta plöntun félagsins var kringum Hlégarð vorið 1956. Fljótlega fékk félagið reit í Hamrahlíðinni. Árið 1990 hófst hið svokallaða Landgræðsluskógaáttak en þá fóru skógræktarfélögin að fá plöntur án endurgjalds, en við það jókst útplöntun félagsins til muna. Gerðir voru samningar bæði við bæjarfélagið og einkaaðila um land til skógræktar. Síðan þá er búið að klæða mörg fellin og myndar það hluta af hinum Græna trefli sem umlykja á allt höfuðborgarsvæðið. Eftir því sem skógarnir hafa vaxið og dafnað hefur þörfin á umhirðu svæðanna aukist, m.a. grisjun skóganna og gerð göngustíga til að þeir geti nýst sem best til útivistar.

Rétt eins og árið 2020 var 2021 markað af áhrifum Covid heimsfaraldursins. Það þýddi að starfsemin var minni en venjulegt getur talist og voru samskipti að miklu leyti í gegnum fjarfundarbúnað og með tölvupóstum. Aðalfundi Sí var frestað aftur eins og í fyrra og var því vinna vegna undirbúnings í lágmarki. Jólatrijásalan var stærsta verkefni ársins eins og venjulega og einnig gróðursetningar.

Alls voru haldnir 8 stjórnarfundir á árinu 2021. Voru fundirnir margir í gegnum Teams fjarfundarbúnað vegna aðstæðna. Aðalfundurinn var haldinn 18. maí í sal björgunarsveitarinnar Kyndils við Völuteig. Vegna aðstæðna var ekkert fræðsluerindi flutt á fundinum.

### Nefndir félagsins

- Jólatrijáanefnd
- Gróðursetninganefnd
- Umhirðu- og útivistarnefnd
- Mannvirkja og tækjanefnd
- Viðburðanefnd
- Upplýsinganefnd
- Fjármálanefnd
- Samskipta- og skipulagsnefnd

Vegna aðstæðna voru haldnir færri fundir í nefndum en alla jafna.

### Jólatrijáanefnd

Formaður nefndarinnar: Kristín Davíðsdóttir

Jólatrijásalan árið 2021 gekk mjög vel. Vorum við heppin með veður og fjölmargir heimsóttu Hamrahlíðina og keyptu sér tré. Ákveðið var að hafa opunarhátíð sem gekk mjög vel. Bæjarstjóri felldi fyrsta tréð og jólasveinar mættu og héldu uppi góðri stemmningu í skóginum. Bæjarstjóri felldi einnig torgtréð og er það í fyrsta sinn sem torgtré frá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar skreytir torgið í Mosfellsbæ. Í sölnunni 2021 seldust alls 689 tré, en slíkri útgerð verður ekki haldið úti nema með þátttöku fjölmargra sjálfbóðaliða sem hafa verið boðnir og búnir að taka þátt í jólatrijásölnunni með okkur. Við höfum safnað trjám í rjóðrið okkar með því að saga þau í skógunum okkar og flytjum þau svo í Hamrahlíð. Þessi vinna hefur verið borin uppi af stjórnarfólki í félaginu. Mikill fjöldi sjálfbóðaliða hefur svo verið í sjálfri sölnunni sem Kristín Davíðsdóttir hefur stjórnað með sinni alkunni snilld. Við

höfum haft opið alla daga síðustu 2 vikur fyrir jól og því ljóst að það er mjög dýrmætt að hafa að aðgang að góðu fólki til að þetta gangi sem best. Félagsmenn hafa notað eigin bíla og kerrur við sögun og flutning trjáanna endurgjaldslaust.

Fjöldi tíma í jólatrjáanefnd: 500 tímar

### **Gróðursetningarnefnd:**

Formaður nefndarinnar: Albert Skarphéðinsson

Skógræktarfélagið gróðursetur 30 tré fyrir hvert jólatré sem selt er í jólatrjáasölu félagsins, skv. ákvörðun stjórnarinnar, og er viðeigandi fjöldi að jafnaði gróðursettur á næsta ári eftir sölu. Með þessu móti geta kaupendur jólatrjáa hjá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar lagt sitt af mörkum í kolefnisbindinu. Félagið pantaði og fékk 21.600 bakkaplöntur hjá Landgræðslusjóði fyrir sumarið 2021. Þetta árið var að mestu leyti gróðursett í Langahrygg, en einnig voru settar íbætur í eldri svæði sem framtíðar jólatré.

Fjöldi tíma í gróðursetningarnefnd: 100 tímar

### **Umhirðu- og útivistarnefnd:**

Formaður nefndarinnar: Bjarki Þór Kjartansson

Í Hamrahlíð voru gerðar endurbætur á einum verst farna hluta stígakerfisins sem oft er þekktur sem rótarstígurinn og svo sem drullusvæðið ofar. Verktakar unnu þetta verk fyrir styrk frá Pokasjóði, en Mosfellsbær greiddi samsvarandi mótframlag á móti styrknum. Einnig var planið fyrir framan kofann í Hamrahlíðinni lagfært af sömu verktökum.

Fjöldi tíma í umhirðu- og útivistarnefnd: 40 tímar (tími verktaka undanskilinn)

### **Mannvirkja- og tækjanefnd**

Formaður nefndarinnar: Ívar Örn Þrastarson

Vegna aðstæðna var lítið gert í þessari nefnd á árinu, skipt um lása á hurðum og eitthvað smálegt í þá veruna. Farið var í tiltekt og fleira.

Fjöldi tíma í mannvirkja- og tækjanefnd: 15 tímar

### **Viðburðanefnd**

Formaður nefndarinnar: Björn Traustason

Haldnir voru þrjú vinnukvöld í júní þar sem fólki var hvatt til að taka þátt í starfi með okkur. Tekið var til í Hamrahlíð, Meltúnsreit og svo var gróðursett eitt kvöldið. Gengu þessi vinnukvöld vel.

Tekið var á móti leikskólabörnum úr leikskóla í Reykjavík og fengu þau að gróðursetja í Hamrahlíð. Fengu þau skógarfræðslu um gróðursetningar o.fl. Einnig var tekið á móti öðrum bekk Vatnsendaskóla í desember og farið með þau í fræðslugöngu í Hamrahlíð þar sem fellt var jólatré fyrir Vatnsendaskóla. Var að sjálfsögðu pylsupartí.

Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands var frestað í annað sinn og fór fram vinna við undirbúning fundarins. Sú vinna var mun minni en árið áður þar sem búið var að undirbúa margt árið áður. Fundurinn verður haldinn að óbreyttu dagana 2. – 4. september 2022 í Hlégarði í Mosfellsbæ.

Fjöldi tíma í viðburðanefnd: 40 tímar

#### **Upplýsinganefnd:**

Formaður nefndarinnar: Hrefna Hrólfsdóttir

Nýrri heimasíðu hefur verið haldið við og er verið að bæta efni inn á hana. Facebook síða félagsins er notuð til að auka sýnileika félagsins meðal almennings.

Fjöldi tíma í upplýsinganefnd: 5 tímar

#### **Fjármálanefnd**

Formaður nefndarinnar: Gísli Jón Magnússon

Fjárhagur félagsins er með ágætum. Handbært fé hefur verið lagt á bundna reikninga með tryggja ávöxtun. Félagið hefur því sjóði til að hefja uppbyggingu á nýrri aðstöðu fyrir félagið en einnig hefur verið óskað eftir aðkomu bæjaryfirvalda við fjármögnun framkvæmdarinnar.

Krafa fyrir aðildargjöldum í félagið var sent út í október vegna 183 félagsmanna en stjórn félagsins ákvað að aðildargjald yrði óbreytt milli ára eða 2.500 kr. og sambúðarfólk greiði eitt aðildargjald saman. Um miðjan janúar höfðu 173 félagsmenn gengið frá aðildargjaldi.

Fjöldi tíma í fjármálanefnd: 80 tímar

#### **Samskipta- og skipulagsnefnd:**

Formaður nefndarinnar: Björn Traustason

Send voru drög að samningi um fjármögnun nýrrar aðstöðu milli Mosfellbæjar og Skógræktarfélagsins þann 22. október 2019. Verið er að leggja lokahönd á samning milli félagsins og Mosfellsbæjar. Vonast er til að hægt verði að skrifa undir samning fyrir sumarið.

Fjöldi tíma í samskipta- og skipulagsnefnd: 80 tímar

**Alls unnir tímar í sjálfböðavinnu af félögum og stjórn Skógræktarfélags Mosfellsbæjar: 860 tímar**

#### **Samstarf við bæinn:**

Heiða og Ingibjörg hafa komið að ýmsum málum innan Skógræktarfélagsins og hafa verið okkur í félaginu innan handar í ýmsu sem til fellur. Þeir tímar eru fyrir utan það sem hér er tíundað að ofan. Ljóst er að Mosfellsbær er ört stækkandi bæjarfélag og mikið álag á fólki sem þar vinnur. Það þýðir að erfitt hefur reynst fyrir félagið að vinna ýmis mál í samstarfi við bæinn. Fyrir nokkrum árum hófst gott samstarf milli bæjarins og skógræktarfélagsins með það að leiðarljósi að báðir aðilar gætu nýtt sameiginlegan starfsmann. Heiða og Ingibjörg eru allar að vilja gerðar til að koma á mótis við félagið

en hafa oft ekki þann tíma sem þarf. Því höfum við ákveðið í sameiningu að taka saman skýrslu um hvernig samstarfið hefur gengið og gera tillögur að fyrirkomulagi til framtíðar.